

# SKÓLA- OG ÍÞRÓTTASVÆÐI Á HÖFN

Deiliskipulag

Tillaga

04.04.2022



## UPPLÝSINGAR

---

### SKJALALYKILL

---

2525-030-GRG-001-V06

### HÖFUNDUR

---

María Björk Gunnarsdóttir, Brynja Rán Egilsdóttir

### RÝNT

---

Sólveig Olga Sigurðardóttir, Brynja Rán Egilsdóttir

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið málsmeðferð skv. 41. grein skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í sveitastjórn: þann \_\_\_\_\_ 2022

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2022

með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 2022

---

Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

Með greinargerð þessari fylgir einnig deiliskipulags – og skýringaruppdráttur dags. 04.04.2022 m.br. dagsetningu XX.XX.2022.

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>6</b>			
<b>1.1</b>	<b>Almennt</b>	<b>6</b>			
<b>1.2</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>6</b>			
<b>1.3</b>	<b>Gildandi deiliskipulög</b>	<b>7</b>			
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>8</b>			
<b>2.1</b>	<b>Viðfangsefni og markmið</b>	<b>8</b>			
<b>2.2</b>	<b>Staðhættir</b>	<b>8</b>			
<b>2.3</b>	<b>Helstu breytingar</b>	<b>10</b>			
2.3.1	Víkurbraut 5	10			
2.3.2	Víkurbraut 9 - Heppuskóli og íþróttamannvirki	10			
2.3.3	Víkurbraut 11 – Sundlaug	11			
2.3.4	Bogaslóð	11			
2.3.5	Svalbarð 6	11			
2.3.6	Hafnarbraut	11			
2.3.7	Skólalóð/ bæjargarður	11			
2.3.8	Sindravöllur	11			
<b>2.4</b>	<b>Aðkoma og gatnakerfi</b>	<b>12</b>			
<b>3</b>	<b>TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR</b>	<b>13</b>			
<b>3.1</b>	<b>Landskipulagsstefna 2021-2026</b>	<b>13</b>			
<b>3.2</b>	<b>Aðalskipulag</b>	<b>14</b>			
<b>3.3</b>	<b>Barnvæn sveitarfélög</b>	<b>15</b>			
<b>3.4</b>	<b>Heilsueflandi samfélag</b>	<b>16</b>			
<b>3.5</b>	<b>Menningarminjar</b>	<b>16</b>			
<b>3.6</b>	<b>Húsakönnun</b>	<b>16</b>			
<b>4</b>	<b>DEILISKIPULAG</b>	<b>17</b>			
<b>4.1</b>	<b>Lóðir</b>	<b>17</b>			
<b>4.2</b>	<b>Opið svæði</b>	<b>17</b>			
4.2.1	Sindravöllur og íþróttasvæði	17			
4.2.2	Bæjargarður	17			
4.2.3	Skólalóð	17			
<b>4.3</b>	<b>Samgöngur</b>	<b>18</b>			
4.3.1	Umferð	18			
4.3.2	Hraðatakmarkandi aðgerðir	18			
4.3.3	Stígakerfi	19			
<b>4.4</b>	<b>Hljóðvist</b>	<b>20</b>			
<b>5</b>	<b>ALMENNIR SKILMÁLAR</b>	<b>20</b>			
<b>5.1</b>	<b>Almennt</b>	<b>20</b>			
<b>5.2</b>	<b>Byggingarreitir</b>	<b>20</b>			
<b>5.3</b>	<b>Hönnun og uppdrættir</b>	<b>20</b>			
<b>5.4</b>	<b>Mæli- og hæðarblöð</b>	<b>21</b>			
<b>5.5</b>	<b>Bílastæði</b>	<b>21</b>			
<b>5.6</b>	<b>Frágangur lóða</b>	<b>21</b>			
<b>5.7</b>	<b>Lýsing</b>	<b>22</b>			
<b>5.8</b>	<b>Gróður og girðingar</b>	<b>22</b>			
<b>5.9</b>	<b>Götugögn og annar búnaður</b>	<b>22</b>			
<b>5.10</b>	<b>Sorpgeymsla</b>	<b>22</b>			
<b>5.11</b>	<b>Trjágróður meðfram götum</b>	<b>23</b>			
<b>5.12</b>	<b>Veitur</b>	<b>23</b>			
5.12.1	Rafveita og spennistöð	23			
5.12.2	Hitaveita	23			
5.12.3	Vatnsveita	23			
5.12.4	Slökkvivatn – brunahanar	23			
5.12.5	Fráveita	23			
5.12.6	Ofanvatn	23			
<b>6</b>	<b>SÉRÁKVÆÐI</b>	<b>25</b>			
<b>6.1</b>	<b>Hafnarbraut</b>	<b>25</b>			
6.1.1	Hafnarbraut 28	25			
6.1.2	Hafnarbraut 30	25			

6.1.3	Hafnarbraut 34	26
6.1.4	Hafnarbraut 36 – Lögreglustöð	26
6.1.5	Hafnarbraut 38	27
6.1.6	Hafnarbraut 40	27
6.1.7	Hafnarbraut 40-b	28
6.1.8	Hafnarbraut 42	28
<b>6.2</b>	<b>Víkurbraut</b>	<b>29</b>
6.2.1	Víkurbraut 3	29
6.2.2	Víkurbraut 7	29
6.2.3	Víkurbraut 9	30
6.2.4	Víkurbraut 11	32
<b>6.3</b>	<b>Sindravöllur og æfingarvellir</b>	<b>33</b>
<b>6.4</b>	<b>Bogaslóð</b>	<b>33</b>
6.4.1	Bogaslóð 19 – 21	33
<b>6.5</b>	<b>Svalbarð</b>	<b>34</b>
6.5.1	Svalbarð 6	34
6.5.2	Svalbarð 6-b	34
<b>7</b>	<b>SKILMÁLATAFLA</b>	<b>35</b>
<b>8</b>	<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>	<b>36</b>
<b>8.1</b>	<b>Vægi umhverfisáhrifa</b>	<b>36</b>
<b>8.2</b>	<b>Umhverfisþættir</b>	<b>36</b>
<b>8.3</b>	<b>Mat á umhverfisáhrif deiliskipulags</b>	<b>36</b>

## MYNDASKRÁ

<b>Mynd 1</b>	Ljósmynd af Sindravelli og Heppuskóla	5
<b>Mynd 2</b>	Gildandi deiliskipulög og staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis	6
<b>Mynd 3</b>	Staðsetning fyrirhugaðs deiliskipulags	7
<b>Mynd 4</b>	Yfirlit yfir meiri hluta starfsemi innan skipulagssvæðisins.	14
<b>MYND 5</b>	Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir við Höfn	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<b>MYND 6</b>	Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins, mynd úr þéttbýlisupprætti sveitarfélagsins.	12
<b>MYND 7</b>	Mynd sýnir umferð fótgangandi eða hjólandi skólabarna á leið í skólann, frá nærliggjandi byggð. Rauðir punktar tákna skólabörn.	13
<b>MYND 8</b>	Mynd sýnir göngubveranir á svæðinu og jafnframt hvar aðkoma fyrir fótgangandi er inn á svæði	16

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1.</b>	Yfirlit gildandi deiliskipulagsáætlana innan og við fyrirhugað skipulagssvæði	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<b>TAFLA 2.</b>	Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins.	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<b>TAFLA 3.</b>	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.	35

# 1 INNGANGUR

## 1.1 Almennt

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur hug á því að styrkja miðsvæði bæjarins umhverfis skóla- og íþróttasvæðið og leggja línurnar fyrir þróun þess. Stefnt er að því að endurskipuleggja svæðið með það að markmiði að efla enn frekar aðstöðu til íþróttaiðkunar, lagfæra skólalóðir og þróa svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaðar, allan ársins hring. Landsvæði á Höfn í Hornafirði er takmarkað og því afar brýnt að við framtíðaruppbyggingu sé unnið með skýra heildarsýn fyrir svæðið. Í gildandi aðalskipulagi Hornafjarðar er skipulagssvæðið skilgreint sem miðsvæði, íþróttasvæði, samfélagsþjónusta og opið svæði. Á svæðinu er fyrirhuguð frekari uppbygging samfélagsþjónustu í bland við íþróttastarfsemi og þjónustu sem styður við núverandi byggðamynstur<sup>1</sup>. Gildandi deiliskipulagsáætlanir, sem ýmist eru að fullu eða hluta innan skipulagssvæðisins, munu falla úr gildi og mörk þeirra aðlöguð að nýju skipulagi við staðfestingu nýs deiliskipulags eftir því sem við á. Ráðgjafafyrirtækið Alta vann skipulagsforsögn fyrir miðsvæði Hafnar í Hornafirði í mars 2019<sup>2</sup>.

<sup>1</sup> (Sveitarfélagið Hornafjarðar, 2014).

## 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru byggðir á loftmynd og hæðarlínum frá EFLU, auk kortagrunna sveitarfélagsins. Uppdrættir eru unnir í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000

Skýringaruppdráttur í mkv. 1: 2000

Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfismatsskýrslu.




<sup>2</sup> (Alta, 2019).

**MYND 1** Ljósmyndm Sindravöllur og Heppuskóli. Ljós. Sigríður G. Björgvinsdóttir. 2020

### 1.3 Gildandi deiliskipulög

Í dag er í gildi deiliskipulag fyrir miðbæjarsvæðið undir heitinu „Deiliskipulag miðbæjar Hafnar í Hornafirði“<sup>3</sup>. Nær það til hluta þess svæðis sem hér er fjallað um. Á mynd 1 og töflu 1 má sjá upplýsingar um gildandi deiliskipulagsáætlanir sem eru á og við fyrirhugað skipulagssvæði.



**MYND 2** Deiliskipulagssvæði á og við fyrirhugað skipulagssvæði. Afmörkun nýja deiliskipulags sýnd með rauðu.

<sup>3</sup> (Sveitarfélagið Hornafjörður, 1988).

Eins og sjá má á mynd 1 er ekki í gildi deiliskipulag fyrir allt svæðið. Með nýju deiliskipulagi er markmiðið að mynda sterkari heild á skóla- og íþróttasvæði í miðkjarna bæjarfélagsins.

**TAFLA 1** Yfirlit gildandi deiliskipulagsáætlna innan og við fyrirhugað skipulagssvæði.

NR.*	HEITI	TÓK GILDI	LÝSING
1	Deiliskipulag miðbæjar Hafnar í Hornafirði	1988	Að hluta innan skipulagssvæðis
2	Deiliskipulag við Víkurbraut, Höfn - Knattleikjahús	2008	Innan skipulagssvæðis
3	Deiliskipulag tjaldsvæðis og íbúðarsvæðis við Fiskhól	2016	Mörk að skipulagssvæði
4	Deiliskipulag íbúðarsvæðis á Leirum	1993	Að hluta innan skipulagssvæðis
5	Deiliskipulag fyrir Krossey, hafnarsvæði	2013	Mörk að skipulagssvæði
6	Deiliskipulag Hafnarvíkur – Heppu	2011	Mörk að skipulagssvæði

\*í samræmi við mynd 2.

Skipulagssvæðið nær alfarið yfir eitt gildandi deiliskipulag og að hluta til tvö önnur, þá liggja mörk þess að þremur gildandi deiliskipulagsáætlunum. Við gerð nýs deiliskipulags þarf að gæta samræmis milli áætlana og skýra víxlverkandi áhrif skipulagsvinnu svæðisins og annarra deiliskipulagsáætlana. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Hafnarskóla og svæðið umhverfis hann.

Með deiliskipulaginu er verið að skapa grundvöll til frekari uppbyggingar á skóla- og íþróttasvæði Hafnar í Hornafirði til þess að mynda sterkari miðkjarna í bæjarfélaginu.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Viðfangsefni og markmið

Í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er gert ráð fyrir uppbyggingu á miðsvæði Hafnar, skóla- og íþróttasvæði. Fyrirhugað er að svæðið myndi samfellu í kjarna byggðarinnar. Skipulagssvæðið er um 9,3 ha að stærð. Á mynd 2.1 má sjá afmörkun fyrirhugaðs skipulagssvæðis.



**Mynd 3** Staðsetning fyrirhugaðs skipulagssvæðis merkt með rauðri brota línu.

### 2.2 Staðhættir

Svæðið afmarkast af Hafnarbraut og Víkurbraut, utan íbúðasvæðis innan þessa svæðis, auk sparkvalla norðaustan við Víkurbraut milli Flákaleiru og Bugðuleiru. Innan svæðisins er að finna ýmiskonar þjónustu og starfsemi, s.s. íþróttasvæði og skóla. Tengjast því flestar byggingar og mannvirki innan svæðisins þeirri starfsemi.





**Mynd 4** Yfirlit yfir meiri hluta starfsemi innan skipulagssvæðisins.

Sindravöllur, fótbolta- og frjálsíþróttavöllur fyrir miðju svæðinu, er áberandi og afgerandi kennileiti. Vestan vallarins er áhorfendastúka, og æfingasvæði fyrir knattspyrnu er á grasvelli við Víkurbraut, austan

Sindravalla. Hafnarskóli og Heppuskóli eru á norður- og vesturhluta svæðisins og syðst er húsnæði fyrir starfsemi Vegagerðarinnar.

Íþróttahús Hafnar er sambyggt Heppuskóla og fer íþróttakennsla grunnskólans þar fram. Ungmennafélagið Sindri hefur afnot af húsinu utan skólatíma fyrir sitt íþróttastarf auk þess sem húsnæðið er leigt út fyrir viðburði. Sundlaug Hafnar er nyrst á svæðinu og við hana er útivistarsvæði sem gegnir einnig hlutverki hátíðar- og samkomusvæðis.

Meðfram Hafnarbraut er verslunar- og þjónustusvæði Hafnar ásamt stjórnsýslu og löggæslu. Bárán, fjölnota íþróttastaða, er sunnan Sindravalla og er hún opin öllum á opnunartíma. Grunnskólinn nýtir Bárana undir íþróttastarfsemi og nemendur nýta sér Bárana í frímínútum. Vestan við Bárana eru strandblakvöllir. Helstu umferðaræðar svæðisins eru Víkurbraut og Hafnarbraut.

Veðursfarslega hefur Suðausturland talsverða sérstöðu samanborið við aðra landshluta. Þar er tiltölulega hlýtt, hitasveiflur fremur litlar og mikil úrkoma að meðaltali.

Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru norðan og norðvestan að vetri og suðvestan, austan/norðan að sumri<sup>4</sup>.

<sup>4</sup> (Veðurstofa Íslands 2022).



**Mynd 5** Vindrós sýnir ríkjandi vindáttir við Höfn

## 2.3 Helstu breytingar

### 2.3.1 Víkurbraut 5

Lóð felld út af skipulagi.

### 2.3.2 Víkurbraut 9 - Heppuskóli og íþróttamannvirki

#### 2.3.2.1 Heppuskóli

Áætlað er að sameina grunnskólana innan skipulagsvæðisins þannig að allir nemendur verði undir sama þaki í Heppuskóla. Gert er ráð fyrir um 500 nemendum þegar skólinn verður fullbyggður. Núverandi skólabygging er um 2.700 m<sup>2</sup>.

Viðmiðin eru 15-16 m<sup>2</sup> á barn sem þýðir að þörf er fyrir um 4.800 m<sup>2</sup> stækkun. Heildarstærð skólans verði um 7.500 m<sup>2</sup>. Heimilt verður að byggja þriðju hæðina ofan á núverandi skólahúsnæði og viðbygging á 3. hæðum.

#### 2.3.2.2 Íþróttamannvirki

Við stækkun grunnskólans eykst þörfin fyrir betri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun.

Sunnan við Heppuskóla er áætlað að byggja nýtt íþróttahús í fullri stærð eða um 2.000 m<sup>2</sup> með um 500 m<sup>2</sup> utandyra áhorfendastúku við hliðina á Sindravelli. Einnig er gert ráð fyrir um 1.000 m<sup>2</sup> fimleikahúsi og um 500 m<sup>2</sup> tengibyggingu þar á milli.

### 2.3.3 Víkurbraut 11 – Sundlaug

Við núverandi sundlaugarbyggingu er gert ráð fyrir um 1.600 m<sup>2</sup> viðbyggingu fyrir líkamsrækt á tveimur hæðum. Einnig er áætluð 350 m<sup>2</sup> viðbygging fyrir innisundlaug eða tengdri þjónustu milli sundlaugar og Heppuskóla. Ný lóð verður stofnuð fyrir sundlaug og líkamsrækt.

### 2.3.4 Bogaslóð

Við Bogaslóð 19 og 21 er gert ráð fyrir tveimur nýjum lóðum fyrir samfélagsþjónustu.

### 2.3.5 Svalbarð 6

Í skipulaginu er áætlað að skipta lóð upp í tvennt, hluti skólahúsnæðis við Hafnarskóla verði víkjandi og heimilt að byggja nýtt hús á tveimur hæðum á nýrri lóð.

### 2.3.6 Hafnarbraut

Við efri hluta Hafnarbrautar verður áhersla á að þetta byggð og móta heildstæða götumynd, áætlað er að byggja við núverandi hús eða reisa ný á tveimur hæðum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi og trúarstofnanir og íbúðir eftir atvikum. Bílastæði eru innan lóðar.

### 2.3.7 Skólalóð/ bæjargarður

Miðhluti skipulagssvæðisins er að mestu opið grænt svæði sem verður samnýtt sem skólalóð og bæjargarður. Með samnýtingu svæða stækkar leiksvæðið til muna og möguleiki á fjölbreyttari afþreyingu eykst. Einnig eflir það svæðið sem aðlaðandi útivistarsvæði til samverustunda og mannfagnaða allan ársins hring.

Grunnskólinn nýtir fjölnota íþróttaaðstöðuna í Bárinni undir íþróttastarfsemi og nemendur nýta sér Báruna í frímínútum.

Æskileg stærð á skólalóð fyrir 500 nemendur er 15.000 m<sup>2</sup>, ef miðað er við 30 m<sup>2</sup> per nemanda. Leyfilegt er að telja með íþróttasvæðið og Báruna.

Skólalóðin er 15.800 m<sup>2</sup> samkvæmt skipulagi, ef talið er saman skólalóð/bæjargarður, æfingavellir og Bárana.

### 2.3.8 Sindravöllur

Sindravöllur verður áfram óbreyttur og æfingavellir verða færðir austur fyrir Hafnarbraut milli Fáka- og Bugðuleiru.

## 2.4 Aðkoma og gatnakerfi

Tvær götur umlykja skipulagssvæðið að mestu, Hafnarbraut að vestan og Víkurbraut að austan.

Þegar keyrt er inn á Höfn frá Þjóðvegi 1 er keyrt niður Hafnarveg, við bæjarmörkin tekur Hafnarbraut við og liggur í gegnum bæinn og niður að höfn.

Hafnarbraut liggur vestan við skipulagssvæðið. Frá Hafnarbraut liggja þrjár minni götur að íþróttá- og skólasvæði sem eru Tjarnarbrú, Svalbarð og Bogaslóð.

Mikil umferð er um Víkurbraut þar sem hún er helsta tenging við athafnasvæði við höfnina. Víkurbraut er þjóðvegur í þéttbýli en skv. aðalskipulagi verður vegtenging að höfninni færð austur fyrir byggð.

Í dag er helsta aðkoma bíla að íþróttá – og skólasvæðinu frá Víkurbraut. Við Heppuskóla er eina gönguþverunin yfir Víkurbraut.

Við Hafnarbraut eru fjórar gönguþveranir sem tengjast ekki allar beint gönguleiðum frá bæjargarði.

### 3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 Landskipulagsstefna 2021-2026

Í landsskipulagsstefnu er stefna um að stuðlað verði að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og var horft til þess við gerð deiliskipulags.

Í kafla 3.2.2 um hagkvæma uppbyggingu segir: „Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnu- húsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðræðislegum breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsaagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.“

Í kafla 3.5.2 um samgöngur í þéttbýli segir: „Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningsamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfar- endur“<sup>5</sup>.

<sup>5</sup> (Skipulagsstofnun 2016).

<sup>6</sup> (Skipulagsstofnun 2021).

Í kafla 5.1 um loftslagsvænar samgöngur er miðað við að móta byggðar- heildir með það að markmiði að draga úr vegalengdum og ferðapörf og auka hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna<sup>6</sup>.

Kafli 5.2 Loftslagsvæn mannvirkjagerð. „Miðað að því að kolefnisspor byggðar sé eins lítið og kostur er. ...byggingar og almenningsrými séu sveigjanleg gagnvart breyttri nýtingu“<sup>7</sup>.

Kafli 7.0.1 Skipulag í þágu lýðheilsu. „...verði leitast við að skapa heilnæmt umhverfi sem hvetur til hollra lífshátta og veitir möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta. Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa“<sup>8</sup>.

#### Samræmi deiliskipulagstillögu við landsskipulagsstefnu

Skóla- og íþróttamannvirki verða byggð upp í áföngum eftir því sem nemendafjöldi eykst. Á hluta lóða er auk verslunar og þjónustu heimilt að vera með búsetu sem stuðlar að meiri fjölbreytileika og lífvænlegri byggð.

Áhersla er lögð á að skapa skjólsæl og vistleg rými á skólalóð og í bæjargarði. Öruggar göngu- og umferðarleiðir eru skilgreindar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur um allt svæðið sem hefur góða tengingu í nærliggjandi hverfi. Með þessu móti er dregið úr þörf á akstri og hlutdeild virkra ferðamáta getur orðið meiri.

<sup>7</sup> (Skipulagsstofnun 2021).

<sup>8</sup> (Skipulagsstofnun 2021).

### 3.2 Aðalskipulag

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli gildandi aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030 þar sem svæðið er skilgreint sem miðsvæði (M), íþróttasvæði (ÍÞ), samfélagsþjónusta (S) og opið svæði (OP). Á Mynd 3 má sjá landnotkunarreiti svæðisins úr þéttbýlisupprætti sveitarfélagsins.



**Mynd 6** Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins, mynd úr þéttbýlisupprætti sveitarfélagsins. Rauð lína afmarkar gróflega skipulagssvæðið.

Í stefnu aðalskipulags Hornafjarðar kemur fram að stefnt sé að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Á miðbæjarsvæði, meðfram Hafnarbraut frá Víkurbraut að Bogaslóð, er gert ráð fyrir nýbyggingum þar sem leyfilegt er að vera með þjónustu- og verslunarstarfsemi, stjórnýslu, ýmiskonar menningarstarfsemi, trúarstofnanir, hótél, veitinga- og gistihús og íbúðir eftir atvikum og aðra hreinlega atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Byggingar skulu vera á einni til tveimur hæðum. Móta skal heilsteypt miðbæjarrými og markvissa götumynd.

Innan svæðisins eru tveir grunnskólar, Hafnarskóli og Heppuskóli. Til stendur að stækka Heppuskóla við Víkurbraut og sameina starfsemi þeirra þar.

Mun þá húsnæði og svæði Hafnarskóla nýtast undir aðra starfsemi. Áhersla er lögð á að skipulagssvæðið myndi eina heild, m.a. með góðu aðgengi að svæðinu sem og innan þess. Í töflu 2.1 má sjá yfirlit landnotkunarreita og lýsingu þeirra í aðalskipulagi.

**TAFLA 2.** Landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins.

NR. REITS	LANDNOTKUN	LÝSING
S1	Samfélagsþjónusta	Grunnskóli – Garðshóll. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,0 ha.
S2	Samfélagsþjónusta	Grunnskóli – Víkurbraut. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,3 ha.
ÍÞ1	Íþróttasvæði	Íþróttavellir og knattús í nágrenni grunnskóla milli Víkurbrautar og Garðshóls. Skipulagðir íþróttavellir og aðstaða sem þeim fylgir, byggingar til íþróttaiðkunar. 4 ha.
M1	Miðsvæði	Sjá umfjöllum um miðsvæði að ofan.
OP2	Opið svæði	Ósland – fólkvangur.

### 3.3 Barnvæn sveitarfélög

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ákveðið að vinna markvisst að því að innleiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína og nota hann sem viðmið í starfi sínu með mannréttindi barna að leiðarljósi.

Áhersla er lögð á fimm grunnþætti:

- Þekkingu á réttindum barna
- Því sem barni er fyrir bestu
- Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttöku barna
- Barnvænni nálgun

Það er fátítt að börn og ungmenni komi að skipulagsmálum á vettvangi sveitarfélaga. Kanna þarf þarfir barna og þjóða þeim að taka þátt í skipulagsferli, sérstaklega þegar unnið er að skipulagi skólalóða, skólabygginga eða útivistarsvæði ætluðum börnum og ungmennum, þar sem þau eru jafnan virkustu notendurnir.

Gerð var könnun meðal allra grunnskólabarna á Höfn haustið 2021 og var unnið með niðurstöður úr henni við skipulagsgerð.

Samkvæmt könnun þá óska nemendur eftir stærri og fjölbreyttari skólalóð með betri leiktækjum og afmörkuð svæði fyrir aldurskipt leiksvæði.

Til að auka umfang skólalóðar er hún samnýtt með bæjargarðinum. Leiksvæðið verður stærra og möguleiki á fjölbreyttari leiksvæði eykst. Leitast er við að brjóta upp langhliðar skóla- og íþróttabygginga t.d. með útbyggingu eða innskotum til að minnka neikvæð áhrif einsleitinna

úthliða húsa. Með þessu móti myndast skjólgóð rými sem nýta má sem skapandi leiksvæði við hlið skólans.

Í könnuninni kom fram að flestum skólabörnum er skutlað í skólann en einnig er mikið um að börn gangi eða hjóli í skólann, sjá umferðarleiðir barna að skipulagssvæðinu á mynd 3.

Niðurstöður könnunar voru hafðar til hliðsjónar við greiningu og áætlun á öruggum umferðarleiðum fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.



**Mynd 7** Mynd sýnir umferð fótgangandi eða hjólandi skólabarna á leið í skólann, frá nærliggjandi byggð. Rauðir punktar tákna skólabörn.

### 3.4 Heilsueflandi samfélag

Sveitarfélagið Hornafjörður er hluti af Heilsueflandi samfélagi í samstarfi við Embætti landlæknis.

Helstu áherslupættir sem vinnuhópur verkefnisins hefur skilgreint fyrir verkefnið eru:

- Næring
- Hreyfing
- Geðrækt
- Lífsgæði

Sem liður í verkefninu hefur verið útbúið göngustígakort af Höfn fyrir eldri borgara, á kortinu eru merktar inn vegalengdir og staðsetning hvíldarþekkinga á gönguleiðum. Einnig hefur Ferðafélag Austur-Skaftfellssýslu staðið fyrir lýðheilsugöngum til að hvetja íbúa til hreyfingar.

Stór hluti skipulagssvæðisins er opið grænt bílfrítt svæði með góðum göngutengingum, bæði innan þess og við ytra stígakerfi. Gönguleiðir fléttast um íprótta- og skólasvæði í gegnum opin leiksvæði á skólalóð og í bæjargarði. Svæðið mun því henta vel sem viðbót við göngustígakort eldri borgara.

Með uppfærðu stígakerfi innan skipulagssvæðisins verður svæðið skemmtilegt útivistarsvæði sem stuðlar að heilsueflandi samfélagi.

---

<sup>9</sup> ( Sigríður G.Björgvinsdóttir 2020).

### 3.5 Menningarminjar

Farið hefur fram minjakönnun vegna deiliskipulags. Skráðir voru 7 minjastaðir, fjórar af þeim eru horfin hús sem ekki eru skilgreind sem menningarminjar samkvæmt aldursákvæðum. Einnig er skráð heimild um hlaðinn garð sem ekki er sýnilegur í dag og mögulegar leifar af fyrsta vatnsbólínu á Höfn.

Við Ytri-Garðshól vestan við Kaupmannshúsið á Höfn var steypdur stöpull fyrir fyrstu mælingastöð danska herforingjaráðsins sem fór fram frá 1902-1934. Engin ummerki eru lengur sjáanleg á hólnum. <sup>9</sup>

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

### 3.6 Húsakönnun

Í tengslum við gerð deiliskipulags eru tilmæli um að fram fari húsakönnun á þegar byggðum svæðum. Markmiðið er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, segir *”Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar”*.



Sveitarfélagið er að vinna að húsakönnun fyrir svæðið.

## 4 DEILISKIPULAG

### 4.1 Lóðir

Lóðarmörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti ásamt stærð lóðar. Upplýsingar á deiliskipulagsupprætti eru til viðmiðunar, nánari upplýsingar um lóðarmörk, málsetningu lóðar og lóðarstærð eru á mæliblaði. Ef misræmi er gildir mæliblað. Hæðarblöð sýna hæðir á lóðarmörkum og hæðatölur á aðalgólfum húsa. Hámarkshæðir húsa koma fram í skilmálum þessum. Lega veitulagna er sýnd á hæðablöðum.

Á upprætti kann að vera misræmi í stærðum og afmörkun lóða á deiliskipulagsreitnum af þeirri ástæðu að í sumum tilvikum er ósamræmi milli þinglýstra heimilda og raunverulegrar afmörkunar lóðanna. Lóðir á upprætti eru afmarkaðar í samræmi við kortagrunn sveitarfélagsins. Að þessu virtu kann að vera að lóðarblöð sem gerð verða vegna einstakra lóða verði ekki nákvæmlega eins og afmörkunin á upprætti með deiliskipulaginu. Rétt er að taka fram að deiliskipulag getur ekki hróflað við eða ráðstafað eignarréttindum manna nema að undangengnum samningi eða eftir atvikum eignarnámi, séu talin skilyrði til þess.

### 4.2 Opið svæði

#### 4.2.1 Sindravöllur og íþróttasvæði

Sindravöllur, fótbolta- og frjálsíþróttavöllur fyrir miðju svæðinu, er áberandi og afgerandi kennileiti. Æfingarsvæði fyrir knattspyrnu er á grasvelli austan Víkurbrautar.

Heimilt er að hafa flóðlýsingu við íþróttavelli, sjá nánar kafla 5.8 um lýsingu og kafla 6 um sérákvæði fyrir Sindravöll og æfingarvelli.

Vestan við Bárúna eru strandblaksvellir. Við vellina er lagt til að markvissar notkunar gróðurs til að stuðla að skjólmyndum á svæðinu.

#### 4.2.2 Bæjargarður

Sunnan við sundlaug er útivistarsvæði og bæjargarður sem gegnir einnig hlutverki hátíðar- og samkomusvæðis.

Gert er ráð fyrir að samnýta bæjargarð og skólalóð sem mun efla svæðið í heild sinni sem aðlaðandi útivistarsvæði.

#### 4.2.3 Skólalóð

Innan deiliskipulagssvæðisins er grunnskóli með opinni skólalóð og leiksvæði. Þar sem lóðin er ekki afgirt er gert ráð fyrir að utan opnunartíma sé svæðið opið til almennrar notkunar. Skólalóð og bæjargarður verða samnýtt.

Gert er ráð fyrir boltavöllum við grunnskóla og svæðum fyrir mismunandi leikvelli um skólalóðina og bæjargarð. Lagt er upp með að hafa möguleika

á fjölbreyttum leiktækjum og afþreyingu fyrir alla aldurshópa innan skólalóðar.

### 4.3 Samgöngur

#### 4.3.1 Umferð

Víkurbraut er aðal götutenging að athafnasvæðinu við höfnina, þar er því mikil og hröð umferð.

Árdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið (ÁDU) á Víkurbraut er 2.700 ökutæki. Fjöldi þungra bíla u.þ.b. 3-5%, ~100-140 ökutæki, óstaðfest. Horft til þess að í framtíðinni færast aðal götutenging við höfnina upp fyrir byggðina sem mun draga úr umferð við helstu mannvirki innan skóla- og íþróttasvæðis, sundlaug, grunnskólann og íþrótt- og fimleikahús.

#### 4.3.2 Hraðatakmarkandi aðgerðir

Gert er ráð fyrir upphækkuðum gangbrautum þar sem grænar tengingar þvera götur, til þess að efla vægi gangandi og hjólandi vegfarenda. Að auki er gert ráð fyrir upphækkuðu yfirborði við gangbrautir sem gera má ráð fyrir að skólabörn muni nota á leið til og frá skóla.

Markmiðið með upphækkandi þverunum er að auka öryggi fótgangandi í umferðinni. Þveranir eru notaðar sem hraðatakmarkanir aðgerðir til að halda meðalhraða ökutækja niðri.

Flestir fótgangandi nota gönguþveranir við gatnamót Hafnarbrautar og Víkurbrautar. Á Víkurbraut eru þveranir við Fiskihól, Fákaleiru og

Bugðuleiru. Einnig eru gönguþveranir með jöfnu millibili á Hafnarbraut til að tryggja öryggi fótgangandi inn og út af svæðinu s.s. að tónlistarskóla og að verslun og þjónustu vestan við Hafnarbraut.



**Mynd 8** Rauðir hringir sýna staðsetningu gönguþverana á svæðinu og jafnframt hvar aðkoma fyrir fótgangandi er inn á svæði

### 4.3.3 Stígakerfi

Gönguleiðir fléttast um íþrótt- og skólasvæði í gegnum opin leiksvæði á skólalóð og bæjargarði.

Svæðið er að mestu bílfrítt fyrir utan fyrirhugaðan stíg á milli íþróttahúss og Heppuskóla sem ætlaður er fyrir neyðarbíl og viðhalds á íþróttavöllum.

Gert er ráð fyrir góðum göngutengingum á svæðinu, bæði innan þess og við ytra stígakerfi. Sérstök áhersla er á greiða leið að grunnskóla, sundlaug, íþróttasvæði, skólalóð og bæjargarði. Einnig er svæðið í heild sinni hugsað sem útivistarsvæði til almennrar notkunar.

Við Hafnarbraut eru í dag göngustígar beggja vegna götu og að mestu við Tjarnarbrú, Svalbarð og Bogaslóð.

Við Víkurbraut er göngustígur aðeins öðru megin við götu en í skipulaginu er lagt til að því verði breytt til að tryggja öruggari leið fótgangandi inn og út af svæðinu. Göngustígar eru beggja vegna götu þar sem gönguþveranir eru staðsettar, við Fiskihól og fyrir framan viðbyggingu við Heppuskóla, íþróttahús og æfingavelli.

Gert er ráð fyrir að hjólandi vegfarendur deili stígakerfi með gangandi vegfarendum og því gert ráð fyrir að hluti stígakerfis sé með allt að 3 m breiðum stígum. Sérstök áhersla er lögð á að vegfarendur sýni tillitssemi á sameiginlegum stígum.

Tekið verður mið af algildri hönnun, þar sem því verður við komið og leitast við að halli gönguleiða verði undir 5%.

Til að tryggja öryggi vegfarenda er gert ráð fyrir að stígar sem ekki eru við upplýstar götur skuli hafa sérstaka lýsingu. Að sama skapi skal sérstaklega gera ráð fyrir lýsingu við allar gangbrautir innan svæðisins.



**Mynd 9** Uppdráttur sýnir göngustíga innan skipulagsvæðis.

#### 4.4 Hljóðvist

Byggð skal vera aðlaðandi fyrir íbúa hverfisins og því m.a. nauðsynlegt að tryggja viðunandi hljóðstig fyrir íbúa en miða skal við viðmiðunarmörk 55dB samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

## 5 ALMENNIR SKILMÁLAR

### 5.1 Almennt

Deiliskipulagsuppráttur sýnir núverandi byggingar og byggingarreiti fyrir stækkanir og nýbyggingar. Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem skilmálar, mæli- og hæðablöð og lög og reglugerðir segja til um.

Ákvæði um fjölda hæða og þakform eru í kafla um sérákvæði.

Á aðaluppráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni.

### 5.2 Byggingarreitir

Byggingarreitir lóða eru sýndir á skipulagsupprætti og skulu byggingar byggðar innan þeirra, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum í þessari greinargerð. Nánari upplýsingar eru í sérskilmálum undir kafla 6.

Byggingarreitir eru sýndir annars vegar með brotalínu og hins vegar með heilli línu. Heil lína táknar bundna byggingarlínu, en byggingarlínur eru víða bundnar við aðkomugötu að hluta. Byggingarreitir eru tilgreindir á deiliskipulagsupprætti og málsettir á mæliblaði. Hús skulu standa innan

byggingarreits, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum í þessari greinargerð.

Einstaka minniháttar byggingarhlutar, svo sem þakskegg, svalir og skyggni mega skaga út fyrir byggingarreit. Einnig mega byggingarhlutar eins og reykháfar, loftræsibúnaður og lyftuhús ná upp fyrir hámarkshæð þaks. Þakform er frjálst. Svalalokun og þaksvalir eru heimilaðar.

### 5.3 Hönnun og upprættir

Við hönnun húsa og lóða skal miða við að hvoru tveggja falli sem best að því landi sem fyrir er á viðkomandi lóð. Leitast skal við að mynda skjólgóð útisvæði sem snúa móti sólu.

Gæta skal samræmis í hönnun húsa og viðbygginga hvað varðar útlit og frágang, þ.á.m. þakhalla, þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum.

Staðsetning byggingarreits er sýnd á skipulagsupprætti, mæliblöðum og skilmálateikningum.

Nýbyggingar skulu taka fullt tillit til og kallast á við eldri byggð í nágrenninu hvað varðar stærðir, hlutföll, form og efnisval eftir því sem við á. Þá skulu þær virða megindrætti umhverfisins og legu lands og falla vel inn í heildarmyndina.

Skjólveggir og skjólgrindur skulu vera hluti af hönnun húss og koma fram á aðaluppráttum.

#### 5.4 Mæli- og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.þ.h. Allir hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð, nema kveðið sé á um annað í sérskilmálum. Byggingarreitir sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum, nema þar sem er bundin byggingalína.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

Hæðarblöð sýna hæðir á lóðarmörkum og hæðartölur á aðalgólfum húsa. Hámarkshæð húsa er skilyrt í skilmálum þessum. Lega veitulagna er einnig sýnd á hæðarblöðum.

Á mæliblöðum er uppgefinn gólfkóti fyrir hæðarsetningu bygginga. Viðmið er gólfkóti 1. hæðar.

#### 5.5 Bílastæði

Bílastæði skulu vera a.m.k. 2,5 m að breidd og a.m.k. 5,0 m að lengd, en samsíða stæði a.m.k. 2,0 m að breidd og 6,5 m að lengd.

Á skipulagsupprætti er sýnd afmörkun og fyrirkomulag bílastæða við skóla og íþróttamannvirki og lóðir við Hafnarbraut til skýringar. Lögð er áhersla á samlegðaráhrif bílastæða á svæðinu þar sem kostur er.

Viðmið fyrir fjölda bílastæða á skipulagssvæðinu eru:

- Skóli - 25-45
- Sundlaug/líkamsrækt 44-70

- Líkamsrækt 24-30
- Báran / íþrótt- og fimeleikahús 65-120

Til að gæta öryggis allra vegfarenda og draga úr hraða ökutækja er æskilegt að bílastæði við skóla- og íþróttamannvirki verði með hækkuðu yfirborði og séu í bílastæðavasa með einni aðkomu frá götu.

Gert er ráð fyrir sleppistæði fyrir framan Heppuskóla, íþrótt- og fimeleikahús og æfingarvelli austan við Víkurbraut.

Lóðir við Hafnarbraut eru með afmörkuð bílastæði innan lóðar. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða er sýndur á skipulagsupprætti.

Við allar nýjar íbúðir skal gera ráð fyrir möguleika á hleðslu rafmagnsbíla.

Almenn aðkoma og bílastæði skulu vera vel frágengin. Aðkoma að lóð skal vera á einum stað, nema að annað sé sýnt á skipulagsupprætti, og skal nákvæm tenging lóðar við gatnakerfi bæjarins ákvarðast við gerð mæliblaðs.

#### 5.6 Frágangur lóða

Landhæð á lóðarmörkum skal vera samkvæmt uppgefnum hæðarkótum á mæli- og hæðarblöðum.

Lóðarhafa er skylt að ganga snyrtilega frá lóð sinni með gróðri eða á annan hátt svo það sé umhverfinu öllu til sóma. Lóðarhafar skulu ganga frá bílastæðum með bundnu slitlagi. Sveitarfélagið getur beitt aðgerðum í samræmi við byggingarreglugerð til þess að knýja fram útbætur á frágangi lóða telji það þörf á.

Mælt er með því að byggingar verði hannaðar með skjólmyndun í huga og skjólveggir verði hluti hönnunar á húsum. Þannig verði reynt að minnka þörf fyrir uppsetningu umfangsmikilla skjólgirðinga síðar.

Vísað er til ákvæða byggingarreglugerðar vegna frágangs lóða og gróðurs, m.a. ákvæða um hæð trjágróðurs á lóðarmörkum og vöxt þeirra.

Sýna skal fyrirkomulag lóða á aðaluppdráttum.

### 5.7 Lýsing

Í byggingarreglugerð eru m.a. sett fram markmið fyrir birtu og lýsingu sem skal haft að leiðarljósi. Lóðarhafa er frjálst að lýsa upp lóð og mannvirki innan sinnar lóðar á meðan lýsing veldur ekki óþægindum eða truflun utan lóðarmarkna. Lýsingu skal beint að aðkomu lóa og húsa.

Litið skal til þess að velja lýsingu við hæfi og lágmarka ljósmagn eins og hægt er. Lýsing utanhúss skal vera óbein, látlaus og glýjulaus með afskermuðum lömpum. Til að lágmarka orkunotkun og draga úr ljósmengun skal lýsingu stillt í hóf.

### 5.8 Gróður og girðingar

Hvatt er til markvissrar notkunar gróðurs í almenningsrýmum og meðfram göngustígum, en gróður getur m.a. stuðlað að skjólmyndum á svæðinu auk þess að bæta umhverfið og líðan íbúa. Umsjón með viðhaldi og umhirðu gróðurs í bæjarlandi er á hendi Sveitarfélagsins Hornarfjarðar.

Forðast skal notkun á þyrnóttum og eitruðum gróðri/plöntum á almenningsvæðum/leiksvæðum auk þess sem þar skal velja plöntur sem ekki teljast ofnæmisvaldandi.

Þar sem lóð er við gatna- eða stígamót er æskilegt að grindverk séu ekki hærri en 1,2 m og lágvaxinn gróður. Einnig skal gæta umferðaröryggis þar sem útkeyrsla við íbúðarhús þverar göngu-og/eða hjólastíga og séu grindverk ekki hærri en 1,2 m og velja lágvaxinn gróður.

Skjólveggi og girðingar skal sýna á aðaluppdráttum. Þessi mannvirki mega vera utan við byggingarreiti. Skjólgirðingar á lóðarmörkum eru háðar samþykki beggja lóðarhafa. Um gerð og framkvæmdir við girðingar o.fl. skal fylgja ákvæðum í byggingarreglugerð.

### 5.9 Götugögn og annar búnaður

Götugögn, svo sem bekkir, lýsing, hjólagrindur, sorpílát og skilti sem sett eru upp skulu vera stöðluð og samræmd í útliti til þess að tryggja heildrænt útlit umhverfis. Götugögn skulu falla vel að umhverfi sínu, huga skal að hönnun sem dregur úr möguleikum á skemmdarverkum og eru úr varanlegu efni til þess að halda viðhaldi og viðgerðum í lágmarki.

Staðsetning götugagna skal taka tillit til aðgengis fyrir alla og skal vera í samræmi við stærðarhlutföll og byggingarlist nærliggjandi svæðis. Þau skal staðsetja á svæðum næst byggingum eða svæðum sérstaklega ætluðum götugögnum og minnst 0,5 m frá sértækum leiðarlínum. Æskilegt er að svæði fyrir götugögn sé skýrt afmarkað, annað hvort með öðru yfirborðsefni eða litamun.

### 5.10 Sorpgeymsla

Í eða við allar byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsun og notendur og útlit þeirra og staðsetning sem minnst áberandi. Staðsetning

sorpgeymslna skal sýnd á aðaluppdráttum. Sorpgeymslur skal staðsetja á lóð eða á 1. hæð húsa. Stærð sorpgeymslna skal vera í samræmi við gildandi reglur um fjölda sorpílata og þar skal vera aðstaða til flokkunar. Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

### 5.11 Trjágróður meðfram götum

Meðfram aðalgötum er gert ráð fyrir gróðri, staðsetning gróðurs meðfram aðalgötum er leiðbeinandi á skipulagsuppdrætti. Tilgangur gróðurs er að mynda aðlaðandi umgjörð hverfisins og brjóta upp götumyndina.

### 5.12 Veitur

Byggingar tengjast núverandi veitukerfum á Höfn. Gert er ráð fyrir helstu lagnaleiðum í eða meðfram götum.

#### 5.12.1 Rafveita og spennistöð

RARIK sér svæðinu fyrir rafmagni.

#### 5.12.2 Hitaveita

Þegar byggð svæði hafa möguleika á að tengjast Hitaveitu Hornafjarðar á vegum RARIK sem var formlega tekin í notkun haustið 2021. Veitulagnir á svæðinu er að finna á kortavefsíðu sveitarfélagsins sem er á heimasíðu.

Samráð skal haft við Hitaveitu Hornafjarðar, RARIK og Sveitarfélagið Hornafjörð vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og hvort möguleiki sé á færslu lagna ef á þarf að halda.

#### 5.12.3 Vatnsveita

Byggðin tengist vatnsveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

#### 5.12.4 Slökkvivatn – brunahanar

Aðgengi að slökkvivatni verður skipulagt af vatnsveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Brunavörnum Austur-Skaftafellssýslu.

Heimilt er að setja brunahana þar sem þeirra kann að vera þörf, án þess að breyta þurfi deiliskipulagi, og skal tryggja aðkomu slökkvibíla að þeim.

#### 5.12.5 Fráveita

Öll mannvirki tengjast fráveitukerfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Kerfið er í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Samráð skal haft við Sveitarfélagið Hornafjarðar vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir og hvort möguleiki sé á færslu lagna ef á þarf að halda.

#### 5.12.6 Ofanvatn

Gera skal grein fyrir því að þeir skilmálar sem fram koma í deiliskipulagi varðandi meðhöndlun ofanvatns séu uppfylltir á skipulagssvæðinu. Þannig skal gera grein fyrir ofanvatnslausnum í byggingarleyfisumsókn og á aðaluppdráttum vegna byggingarleyfis.

Í gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 segir að stefnt skuli að því að ofanvatni, s.s. regnvatni af þökum og hörðu yfirborði, verði miðlað í

jarðveg í stað fráveitukerfis. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóða sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarfyllingunni. Einnig mætti notast við ofanvatnsrásir meðfram vegum og bílastæðum eða regngarða. Við nánari útfærslu ofanvatns er heimilt að víxla því hvoru megin götu ofanvatn og gangstétt eru.



## 6 SÉRÁKVÆÐI

Hámarks byggingarmagn kemur fram á skilmálatöflu í kafla 7.

### 6.1 Hafnarbraut

Byggingarlína er bundin við götu að hluta, a.m.k. 60% framhliðar byggingar. Hámarks nýtingarhlutfall er sýnt á skilmálatöflu.

#### 6.1.1 Hafnarbraut 28



Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Núverandi hús er einbýlishús einnig er heimilt að vera með verslun og þjónustu í húsinu.

#### 6.1.2 Hafnarbraut 30



Innan byggingarreita er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- Heimilt er að vera með verslun og þjónustu og menningarstarfsemi í húsunum.

### 6.1.3 Hafnarbraut 34



Innan byggingarreita er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli. Heimilt er að vera með verslun og þjónustu og menningarstarfsemi í húsunum.

### 6.1.4 Hafnarbraut 36 – Lögreglustöð



Innan byggingarreits er heimilt að byggja við hús og/eða endurbyggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi eða stjórnsýslu í húsinu.

### 6.1.5 Hafnarbraut 38




Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi, trúarstofnun og á 2.hæð er heimilt að vera með íbúðir.

### 6.1.6 Hafnarbraut 40




Lóð 40 og 40-b er með sameiginlegan byggingarreit. Innan byggingarreits er heimilt að byggja við hús og/eða byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi og á 2.hæð er heimilt að vera með íbúðir.

### 6.1.7 Hafnarbraut 40-b



Lóð 40 og 40-b er með sameiginlegan byggingarreit. Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi og á 2.hæð er heimilt að vera með íbúðir.

Kvöð er um aðkomu frá lóð inn á bílastæði á lóðir 40 og 42 .

Hafnarbraut 40-b er ný lóð, sjá stærð á lóð í skilmálatöflu.

### 6.1.8 Hafnarbraut 42



Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með verslun og þjónustu, menningarstarfsemi og á 2.hæð er heimilt að vera með íbúðir.

## 6.2 Víkurbraut

### 6.2.1 Víkurbraut 3




Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 14 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með byggingu til íþróttaiðkunar á lóð.

### 6.2.2 Víkurbraut 7



Ekki er heimilt að endurbyggja eða byggja við núverandi byggingu.

Núverandi bygging verður notuð sem áhaldahús fyrir íþróttasvæðið.

Áætlað er að lóð muni nýtast sem bílastæði við Bárana og íþrótt- og fimleikahús.

### 6.2.3 Víkurbraut 9



Leitast skal við að brjóta upp langhliðar byggingar með t.d. útbyggingu, innskotum, áferð, efnisvali, litabreytingum eða formi byggingar til að minnka neikvæð áhrif einsleitinna úthliða hússins á nærumhverfið. Huga skal að uppfylla kröfu um dagsbirtu innan mannvirkis, skv. byggingarreglugerð.

Einnig skal leitast við að draga úr sýnileika mannvirkis með því að aðlaga það að landi umhverfis. Nýta trjágróður til að gera ásýnd jákvæðari.

Mikilvægt er að halda greiðfærri göngutengingu á milli bygginga eins og kostur er til að tryggja gott flæði gönguleiða um svæðið og ekki síður fyrir nemendur grunnskólans, þannig að þau hafi greiða leið um bílfría skólalóð.

### 6.2.3.1 Heppuskóli




Innan byggingarreits A, ofan á núverandi skólahúsnæði Heppuskóla, er heimilt að byggja þriðju hæðina, inn dregna byggingu á einni hæð. Þakform er frjálst. Mænishæð verði að hámarki 14 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Innan byggingarreits B er heimilt að byggja við núverandi skólahúsnæði Heppuskóla á þremur hæðum. Þakform er frjálst. Gert er ráð fyrir að skólabyggingin verði samhangandi (innangengt).

Mænishæð verði að hámarki 14 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

### 6.2.3.2 Íþróttahús, áhorfendastúka og fimleikahús



Innan byggingarreits B er gert ráð fyrir íþróttahúsi í fullri stærð með áhorfendastúku utandyra. Í stúkubyggingu er heimilt að hafa atvinnurekstur sem samræmis þeirri starfsemi og þjónustu sem er við Sindravöll. Lágmarks öryggisfjarlægð frá hliðarlínu vallar að áhorfendastúku er 6 m.<sup>10</sup> Sunnan við íþróttahús er áætlað að byggja fimleikahús.


Einnig er gert ráð fyrir að íþróttahús og fimleikahús verða samhangandi (innangengt) með tengibyggingu á tveimur hæðum. Í tengibyggingu er gert ráð fyrir ýmisskonar tengdri starfsemi.

<sup>10</sup> (Reglugerð KSÍ um knattspyrjuleikvanga. Nr.11.Nóvember 2020).

Mikilvægt er að halda greiðfærri göngutengingu á milli Sindravallar og áhorfendastúku, bæði til að tryggja gott flæði gönguleiða um svæðið og ekki síður fyrir nemendur grunnskólans, þannig að þau hafi greiða leið um um bílfría skólalóð að Bárinni. Leyfilegt er að loka göngustíg við stúku þegar um íþróttaviðburði er að ræða þar sem borga þarf fyrir aðgang að svæðinu.

Mænishæð verði að hámarki 14 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

#### 6.2.4 Víkurbraut 11



##### 6.2.4.1 Líkamsrækt og sundlaug

Innan byggingarreits A er heimilt að byggja við hús á tveimur hæðum fyrir líkamsrækt. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 12 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Kvöð er um göngustíg á lóð meðfram lóðum 38-40-b.

##### 6.2.4.2 Innisundlaug / þjónustubygging

Innan byggingarreits B er heimilt að byggja hús fyrir innisundlaug eða aðra þjónustutengda starfsemi á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mikilvægt er að halda greiðfærri göngutengingu á milli viðbyggingar og núverandi húsnaði Heppuskóla til að tryggja gott flæði gönguleiða um svæðið og ekki síður fyrir nemendur grunnskólans, þannig að þau hafi greiða leið um bílfría skólalóð.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.



### 6.3 Sindravöllur og æfingavellir



Heimilt er að hafa flóðlýsingu við íþróttavelli, staðsetning ljós er frjálst en skal þó vera fyrir utan öryggissvæðis vallarins.

Lýsing við íþróttavelli á að vera með ljóshlífum til að minnka glýju og ljósmengun umhverfis vellina. Ekki er heimilt að hafa kveikt á ljósum eftir klukkan 22:00 á virkum dögum og þegar völlum er ekki í notkun. Yfir smartímann er ekki gert ráð fyrir að lýsing verði í notkun.

### 6.4 Bogaslóð

#### 6.4.1 Bogaslóð 19 – 21



Nýjar lóðir fyrir samfélagsþjónustu. Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með þjónustustofnun á lóð.

## 6.5 Svalbarð

### 6.5.1 Svalbarð 6



Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með þjónustustofnun á lóð.

### 6.5.2 Svalbarð 6-b



Ný lóð fyrir samfélagsþjónustu. Samkvæmt skipulagi er núverandi hús á lóð víkjandi. Innan byggingarreits er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Þakform er frjálst.

Mænishæð verði að hámarki 8 metrar yfir uppgefinn aðalgólfkóta á mæli- og hæðarblaði. Sjá nánar á skilmálateikningum.

Heimilt er að vera með þjónustustofnun á lóð.

## 7 SKILMÁLATAFLA

NÚV. AÐSTAÐA OG UPPLÝSINGAR

SKILMÁLAR SKV. DEILISKIPILAGSTILLÖGU

	ELDRA NAFN/ANNAÐ	LÓÐARSTÆRÐ SKV. FASTEIGNAMATI í m <sup>2</sup>	LÓÐARSTÆRÐ SKV. KORTAGRUNNI SVEITARFÉLAGSINS í m <sup>2</sup>	MUNUR	LÓÐARSTÆRÐ, ÖNNUR*	BYGGINGARMAGN SKV. FASTEIGNAMATI	FJÖLDI HÆÐAR	LÓÐARSTÆRÐ	HÁMARKS-FJÖLDI HÆÐAR	MÆNISHÆÐ YFIR UPPGEFINN AÐALGÓLFKÓTA	HÁMARKS BYGGINGARMAGN	KVAÐIR	LANDNOTKUN	ATHUGASEMDIR
<b>Hafnarbraut 28</b>	Ibúðarhús	353	312	41		163	1	312	2	8	200		M1	Byggingarlína er bundin við götu að hluta, a.m.k. 60% framhliðar byggingar.
<b>Hafnarbraut 30</b>	Vöruhús Fablab	1.620	1.052	568		1.257	2	1.052	2	8	1.500			
<b>Hafnarbraut 34</b>	Handraðinn	1.926	1.683	243		463		1.683	2	8	950			
<b>Hafnarbraut 36</b>	Lögreglustöð	2.500	2.782	-282		863	2	2.625	2	8	1.500			
<b>Hafnarbraut 38</b>	Óbyggð lóð	1.350	2.088	-738		0	2	1.540	2	8	1.000			
<b>Hafnarbraut 40</b>	Kaþólska kirkjan	870	810	60	870	204	1	590	2	8	400			
<b>Hafnarbraut 40-b</b>	Ný lóð			0		0		745	2	8	400	Kvöð er um aðkomu frá lóð inn á bílastæði á lóðir 40 og 42		
<b>Hafnarbraut 42</b>	Kaffihornið	611	1.008	-397	611	168	1	1.270	2	8	800			
<b>Víkurbraut 3</b>	Báran íþróttahús	8.922	8.914	8		4.096	1	8.914	1	14	3.500		Íp1	
<b>Víkurbraut 5</b>	Fellur út af skipulagi, fer undir skipulag með Víkurbraut 1 sem er í vinnslu													
<b>Víkurbraut 7</b>	Vegagerðahús	6.131	1.736	4.395		427	2	1.736	0	0	0		M1	
<b>Víkurbraut 9</b>	Heppuskóli (sundlaug skráð með í fasteignarskrá).	0	4.839	-4.839		3.627	2	41.555	3	14	12.000		S2	
<b>Víkurbraut 11</b>	Ný lóð fyrir sundlaug og líkamsrækt	0	2.535	-2.535			1	3.644	2	12	3.000	Kvöð er um göngustíg á lóð meðfram lóðum 38-40-b		
<b>Svalbarð 6</b>	Hafnarskóli	1.200	2.520	-1.320		1.067	2	2.529	2	8	800		S1	
<b>Svalbarð 6-b</b>	Ný lóð							2.520	2	8	1.600			
<b>Bogaslóð 19</b>	Ný lóð							395	2	8	260			
<b>Bogaslóð 21</b>	Ný lóð							450	2	8	260			
<b>Samtals</b>	17	25.483	30.279	-4.795		11.267		65.665			26.050			

Minnispunktur

\* t.d. Skv, lóðarblaði, þinglýstum heimildum, samningum o.fl.

## 8 UMHVERFISSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr.5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

### 8.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og ná til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

### 8.2 Umhverfisþættir

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin

einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Við matið er horft til neðan greindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 3. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúslofttegunda og binding kolefnis.	Landskipulagsstefna 2015-2026 Stefna í aðalskipulagi.
Gróður	Áhrif á gróður.	Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásýnd og landslag	Áhrif á ásýnd og landslag.	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Áhrif á atvinnulíf. Áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði.	Stefna í aðalskipulagi. Aðalskráning fornminja. Húsakönnun.
Heilsa og öryggi	Umferðaröryggi. Útivistarmöguleikar. Hætta á mengun.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

### 8.3 Mat á umhverfisáhrif deiliskipulags

#### Grunnástand:

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir allt skipulagssvæðið. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttarsvæði. Í þeim deiliskipulögum sem eru í gildi og ná yfir hluta svæðis er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu á samrýmdu skóla-, íþróttar- og útivistarsvæði.

#### Breytt skipulag:

Með breyttu deiliskipulagi er lóð Hafnarskóla deiliskipulögð, en ekkert gildandi deiliskipulag er fyrir það svæði. Lóðinni er skipt í tvennt og

nýbygging heimiluð. Viðbygging er áætluð við Heppuskóla og við sundlaugina þar sem gert er ráð fyrir líkamsræktarstöð og innisundlaug eða þjónustubyggingu. Áætlað er að byggja nýtt íþrótt- og fimleikahús. Víkurbraut 5 er felld út. Einnig er lagt upp með uppbyggingu á bæjargarði sem leikvöll og útivistasvæði, stærri og fjölbreyttri skólalóð og áframhaldandi svæði til íþróttaiðkunar.

**Áhrif á loft og gróður eru metin jákvæð.** Svæðið er þegar byggt og við það hefur sá gróður sem upphaflega var til staðar raskast. Núverandi gróður kemur til með að raskast og breytast við gerð nýrra mannvirkja en áætla má að umhverfið verðu grætt upp aftur með tilkomu skólalóðar, bæjargarðs og gróðri meðfram aðalgötum sem er ætlaður til að mynda aðlaðandi umhverfi. Við það bindist kolefni og svæðið kemur til með að vera vel gróið þegar framkvæmdum ljúka.

**Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg.** Það er óhjákvæmilegt að ný mannvirki hafi áhrif á ásýnd byggðarinnar, enda telst slíkt eðlilegt við uppbyggingu innan þéttbýlis. Með uppbyggingu er verið að þétta byggðina sem þegar er til staðar og móta heildstæða götumynd. Settir eru sérstakir skilmálar til að tryggja að ný mannvirki falli vel inn í byggðamynstur bæjarins.

**Áhrif á samfélag eru jákvæð.** Með breyttu skipulagi er verið að auka lífsgæði íbúa og þá sérstaklega barna og ungmenna í samfélaginu. Svæðið verður þar af leiðandi eftirsóknarverðara til búsetu, íbúum fjölgar og hagkvæmara skilyrði skapast fyrir rekstur á verslun og þjónustu og við það styrkist byggðin.

**Áhrif á minjar og verndarsvæði eru óveruleg.** Minjar sem fundist hafa innan skipulagssvæðisins eru lítið sjáanlegar í dag. Þær minjar sem taldar eru vera fyrsta vatnsbólið á Höfn eru þó ennþá til staðar en nýtt deiliskipulag kemur ekki til með að raska þeim umfram það rask sem þegar hefur átt sér stað.

**Áhrif á heilsu og öryggi eru jákvæð.** Verið er að stuðla að heilsueflandi samfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á uppbyggingu á íþrótt- og útivistarsvæðum. Með breyttu skipulagi er einnig verið að stuðla að auknu umferðaröryggi þar sem þungaumferð kemur til með að flytjast út fyrir skipulagssvæðið. Breytingar á vegakerfi og göngustígum gera það að verkum að börn og ungmenni geta auðveldlega ferðast um í bíllausu umhverfi.

#### **Niðurstaða:**

Nýtt deiliskipulag kemur til með að efla og styrkja samfélagið og byggðina í Höfn. Bæði hvað varðar lífsgæði íbúa og ásýnd svæðisins. Heilsteyptari bæjarmynd skapast og breytingin mun að öllum líkindum gera Höfn að aðlaðandi og barnvænu samfélag þar sem vel er hugað að þörfum barna og ungmenna.

Óhjákvæmilegt er að ákveðnir umhverfisþættir verði fyrir áhrifum þegar unnið er að þéttingu og styrkingu byggðar. Neikvæð umhverfisáhrif eru þó aðeins tímabundin þar sem svæðið verður eflaust grætt hratt upp aftur til að móta ásýnd byggðarinnar sem bindir að hluta það kolefni sem kann að losna við framkvæmdir.

Svæðið er þegar byggt upp og því er hægt að miða að samnýtingu innviða og hagkvæmri nýtingu lands. Með skipulaginu er horft til framtíðar sem gerir sveitarfélaginu kleift að bregðast við auknum kröfum um bætt lífsgæði.

Deiliskipulagið samræmist markmiðum gildandi aðalskipulags og áherslu sveitarstjórnar á að byggja upp barnvænt og heilsueflandi samfélag og styrkja bæjarmyndina sem einkennir Höfn. Heildaráhrif deiliskipulagstillögunnar er því talin vera jákvæð.

## 9 HEIMILDIR

Alta. (2019). Höfn í Hornafirði, miðsvæði. Skipulagsforsögn., Reykjavík: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Alta. (2018) Skóla-, íþrótt- og útivistarsvæði á Höfn í Hornafirði, Forsendur og greining.

Sigríður G. Björgvinsdóttir. (2020). Minjakönnun vegna deiliskipulags. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Fornleifaskráning, Miðsvæði Hafnar, Sveitarfélagið Hornafirði.

Skipulagsstofnun. (2016). “Landsskipulagsstefna 2015-2026.” [http://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna\\_2015-2026\\_asamt\\_greinargerd.pdf](http://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna_2015-2026_asamt_greinargerd.pdf).

Skipulagsstofnun. (2021). “Loftslag, Landslag Og Lýðheilsa. Viðauki Við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.” Skipulagsstofnun. <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/LSK-21-tillagaSkst-til-radherra.pdf>.

VSÓ.(2014).Sveitarfélagið Hornafjörður, Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030, Höfn.

<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/adalskipulag/>

Sveitarfélagið Hornafjörður. (1988). Skipulag Hafnarhrepps – miðbæjarskipulag.

Veðurstofa Íslands. 2019. “Vindatlas.” Vindatlas. 2019. <http://vindatlas.vedur.is/>.